

**Nefndasvið Alþingis**  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1986*  
*komudagur 20.3.2013*

Reykjavík 20. mars 2013

**Pingskjal 1110, mál nr. 634 – breyting á vatnalögum nr. 15/1923 og lögum nr. 57/1998**  
**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á rannsóknum og nýtingu á auðlindum í jörðu**

Samband garðyrkjubænda vill gera alvarlegar athugasemdir við framkomið frumvarp:

**Í fyrsta lagi** er gagnrýnisvert hversu skammur tími er gefinn til að tileinka sér innihald frumvarpsins og sérstaklega í ljósi þeirra hugsanlegu áhrifa sem það gæti haft.

**Í öðru lagi** hvetur Samband garðyrkjubænda Atvinnuveganefnd Alþingis að kanna nánar hugsanleg áhrif frumvarpsins áður en það verður afgreitt. Sérstaklega er nefndin hvött til að skoða það betur hvort frumvarpið stangist á við eignarréttarákvæði Stjórnarskrárinnar.

#### **Greinagerð**

Garðyrkjubændur nýta heitt vatn úr jörðu og hafa gert í yfir hundrað ár. Alls staðar hefur þróunin verið eins; garðyrkjubændur hafa keypt jarðir sínar og hitaréttindi og lagt í ærinn kostnað við að beisla hvergi sér til gagns eða borað eftir vatninu.

Í Reykholti í Bláskógarbyggð voru það garðyrkjubændur sem þannig nýttu hvergi en síðar eignaðist sveitarfélagið um 30% eignarhlut á móti þeim. Á Flúðum í Hrunamannahreppi voru það einnig garðyrkjubændur sem ruddu leiðina og beittu sér fyrir lagningu veitu á köldu vatni. Í Laugarási í Bláskógarbyggð er þannig háttað að sveitarfélagið á þau réttindi sem þar er. Heitt vatn á Böðmóðsstöðum, Syðri-Reykjum og fleiri stöðum í Bláskógarbyggð er allt í eigu garðyrkjubænda sem hófu nýtingu þess.

Á Laugarlandi í Stafholtstungum voru það sömuleiðis garðyrkjubændur sem þar boruðu fyrir heitu vatni til ylræktar og selja það síðan inn á sameiginlegt kerfi landsmanna. Annað gildir um Kleppjárnsreyki þar sem réttindi eru í eigu ríkisins. Á Hveravöllum í Reykjahverfi er rekið myndarleg garðyrkjustöð, sú stærsta á landinu, sem hefur haft sömu kennitölu frá 1904! Þar hefur heitt vatn verið nýtt við rekstur ylræktunar auk þess að selja Húsvíkingum heitt vatn.

**Samandregið:** Garðyrkjubændur hafa verið forgöngumenn um nýtingu heita vatnsins með kaupum á landi með réttindum sem þar eru. Eignaraðildin er ótvíræð. Ekki er þess getið í frumvarpinu hvort þessi réttindi verða tekin af garðyrkjubændum og því ástæða til að fá úr því skorið. Heita vatnið er ein af mikilvægu forsendunum reksturs garðyrkjunnar. Undirritaður lýsir sig reiðubúinn að mæta á fund nefndarinnar og ræða þessi mál nánar.

F. h. Sambands garðyrkjubænda

Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri